

Vesturbyggð
Ármann Halldórsson,
forstöðumaður tæknideildar
Aðalstræti 63
450 Patreksfjörður



Reykjavík, 19. febrúar 2013
Tilvísun: UST20121200154/há

Breyting á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018, laxeldi, urðun, landnotkun í fjallshlíðum, þéttbýla- og iðnaðarsv. Bíldurdal

Umhverfisstofnun vísar í erindi Vesturbyggðar dags 17. desember sl. þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar vegna breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar.

Markmið

Forsendur og markmið breytinganna er að stuðla að auknum atvinnumöguleikum fyrir sveitafélagið með uppbyggingu fiskeldis og tryggja áfram starfsleyfi fyrir urðunarsvæði í Vesturbyggð. Einnig er markmiðið að tryggja nægjanlegt framboð af iðnaðarlóðum og lóðum fyrir hesthús við Bíldudal sem og víkka út möguleika til mannvirkjagerðar í útjaðri Patreksfjarðar og Bíldudals hvort sem er til útivistar eða ofanflóðavarna.

Fóðurstöðvar

Um er að ræða fóðurstöðvar fyrir kvíar á fjórum stöðum, í Fossfirði við Naust í Dufansdal í aflagðri malarnámu viður við sjó og við Hlað á sjávarbakka neðan vegar. Í Patreksfirði verða fóðurstöðvar staðsettar á náttúrulegum bakka neðan Barðastrandavegar og á Þúfnaeyri á áreyri sunnan við Barðastrandarveg. Fram kemur í greinargerð að komið verði fyrir fóðursílóum og starfsmannaðastöðu á hverju svæði. Í umsögn Umhverfisstofnunar 30. október sl. um breytingartillögu á aðalskipulag Vesturbyggðar lagði stofnunin áherslu á að mikilvægt væri að fram kæmi í umhverfisskýrslu hvernig hráefni í fóður verði notað og hvort meðhöndla eigi slóg í fóðurstöðvum. Stofnunin ítrekar að mikilvægt sé að fram komi í umhverfisskýrslu gerð hráefnis í fóðurgerð til að hægt verði að meta hugsanleg áhrif þess á umhverfið.

Fjarlægð frá strönd

Í greinargerð segir að sækja þurfi um undanþágu til Vegagerðarinnar og Umhverfisráðuneytis vegna fjarlægðarmarka við sjó og veg en öll svæði eru innan 50 m frá strandlínu og innan við 100 m frá vegi. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt grein 4.15.2 í skipulagsreglugerð þá skal þess gætt að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að aðgengi fótgangandi verði áfram óhindrað meðfram sjó.

Fráveitur og úrgangur

Um fráveitu segir í greinargerða að rotþró verði komið fyrir á staðnum til að taka við fráveitu frá starfsmannaaðstöðu. Þá segir að sýktur og dauður fiskur verður fluttur burt til urðunar á viðurkenndum móttökustað.

Urðunarsvæði

Urðunarsvæði er staðsett í Vatneyrarhlíð ofan Patreksfjarðar og er 3,6 ha að stærð. Fram kemur í greinargerð að urðun hefur átt sér stað á svæðinu og Vesturbyggð er að sækja um endurnýjun starfsleyfis en leyfið rann út 18. desember 2012. Í greinargerð segir að sótt verður um leyfi fyrir urðun á byggingarúrgangi, móttöku á brotajárni og geymslu á garðaúrgangi. Umhverfisstofnun bendir á að allur byggingarúrgangur flokkast ekki sem óvirkur úrgangur t.d. timbur. Stofnunin leggur því áherslu á að farið verði eftir reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs, með vísan í viðauka 2 lið 2.1 sem fjallar um viðmiðanir fyrir urðunarstaði þar sem tekið er á móti óvirkum úrgangi. Stofnunin bendir einnig á að ekki er fjallað um geymslu á garðaúrgagni í lýsingu á deiliskipulagi fyrir urðunarstaðinn og samræmist því ekki aðalskipulagsbreytingu. Mikilvægt er að það komi skýrt fram í skipulagi fyrir urðunarstaðinn hvernig geymslu á garðaúrgangi verði háttáð og hvað verði um úrganginn að geymslu lokinni.

Sorphirða

Í greinargerð segir að sorphirða í Vesturbyggð sé þannig háttáð að við öll heimili eru 240 l sorptunnur sem eru losaðar á 14 daga fresti. Söfnun endurvinnsluefnis fer fram á gámavöllum á Patreksfirði, Bíldudal og einnig á Tálknafirði þar sem íbúum er gert kleift að flokka það sem til fellur. Umhverfisstofnun bendir á að í umsögn sinni um breytingatillögu aðalskipulags 30. október sl. taldi stofnunin mikilvægt að fjallað væri um hvernig meðhöndlun á heimilissorpi verður. Stofnunin telur að þar sem óflokkað heimilissorp flokkast ekki sem óvirkur úrgangur, ætti að fjalla um meðhöndlun þess í umhverfisskýrslu.


Leyfi

Fram kemur í greinargerð að sótt verði um urðun á allt að 400 tonnum af úrgangi á ári en áætluð til 30 ára. Umhverfisstofnu bendir á að ekki er samræmi í umfjöllun Vesturbyggðar í lýsingu að deiliskipulagi og breytingu á aðalskipulagi er varðar urðunarstaðinn, en í deiliskipulagslýsingu er talað um að áætluð sé urðun til 16 ára en í aðalskipulagi til 30 ára.

Fjarlægð frá byggð

Um fjarlægð frá íbúabyggð segir að um 300 m sé að íbúahverfinu við Mýrar. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt reglugerð nr. 738/2003 gr. 12 sem fjallar um staðarval urðunarstaða segir m.a. um fjarlægð urðunarstaðar frá íbúðarbyggð: „Til að vernda heilsu fólks skulu urðunarstaðir ekki vera nær íbúðarhverfum en sem nemur 500 m. Umhverfisstofnun getur í starfsleyfi þegar ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn viðkomandi heilbrigðisnefndar vikið frá þessum mörkum með hliðsjón af jarðfræði, landslagi og veðurfari á urðunarstað, magni úrgangs, tegund, fyrirhugudum mótvægisáðgerðum, flokki urðunarstaðar og frágangi á urðunarstað“. Umhverfisstofnun bendir á nauðsyn þess að urðunarstaðir séu ávallt í a.m.k. 500 metra fjarlægð frá íbúahverfi líkt og fyrrgreind reglugerð segir til um. Ekki liggja fyrir upplýsingar í aðalskipulaginu um að ríkar ástæður mæli með því að víkja skuli frá fyrrgreindri reglu.

Virðingarfyllst


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri



Hákon Ásgeirsson
Sérfræðingur